

Miðvikudaginn 12. marz 1958.

Nr. 67/1957. **Ákærvaldið** (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)
 gegn

Hannesi Þór Ólafssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Voru vitni þá m. a. eiðfest.

Samkvæmt gögnum málsins, þ. á. m. niðurstöðu blóðrannsóknar, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið svo miður sín við akstur bifreiðar sinnar vegna undanfarinnar neyzlu áfengis og svefnleysis, að varði við 3. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Að öðru leyti er hegðun ákærða í héraðsdómi færð til réttra refsíákvæða. Þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þór Ólafsson, greiði 2000 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hann skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sigurðar Reynis Péturssonar og Páls S. Pálssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 15. febrúar 1957.

Ár 1957, föstudaginn 15. febrúar kl. 14.00, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Tómasi Tómassyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu: Ákærvaldið gegn Hannesi Þór Ólafssyni, sem dómtekið var í dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 23. janúar 1957, er ákærði, Hannes Þór Ólafsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 39, Keflavík, fæddur 22. febrúar 1931 í Keflavík, ákærður fyrir: A ð hafa aðfaranótt laugardagsins 8. september s.l. ekið bifreiðinni R 4280 frá Keflavík áleiðis til Reykjavíkur, þótt hann væri svo miður sín sökum undanfarandi áfengisneyzlu og svefnleysis, að hann gat ekki stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt svo og fyrir a ð hafa ekið bifreiðinni ógætilega umrætt sinn og of hratt, miðað við umferð og ástand vegarins, með þeim afleiðingum, að á Digraneshálsi lenti bifreið hans í árekstri við bifreiðina R 7064, svo að báðar bifreiðarnar stórskemmdust. Telst þetta varða við 3. mgr. 23. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. febrúar 1931 í Keflavík, og hefur hann, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1954 27/3 Keflavík. Sátt, 150 kr. sekt í ríkissjóð vegna umferðar- og bifreiðalagsbrots.

Málavextir eru þessir í stuttu máli:

Aðfaranótt 8. september s.l. ók ákærði bifreiðinni R 4280, sem Björn Sveinsson, Sóltúni 9, Keflavík, á, frá Keflavík áleiðis til Reykjavíkur. Laust fyrir kl. 01.20, er ákærði var kominn á Digranesháls, þá „svansaði“ bifreiðin til á veginum vegna þess hve sleipt var á blautu malbikinu á þeim blettum, sem nýgert var við veginn, og varð þetta til þess, að ákærði ók á bifreiðina R 7064, sem kom á móti honum, með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar stórskemmdust. Ákærði hlaut sjálfur nokkra áverka, en ekki alvarlega. Bifreiðarstjóri bifreiðarinnar R 7064 meiddist ekki verulega né heldur farþegi, sem var í hans bifreið.

Ákærði var einn í bifreið sinni, er slysið varð.

Lögreglumenn, sem komu á vettvang, hlutuðust til um að blóð-

sýnishorn væri tekið úr ákærða, og fundust í því reducerandi efni, sem samsvara 0,9‰ af alkóhóli.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt skipti ekið á ca. 50—60 km. hraða miðað við klukkustund á leiðinni sunnan frá Keflavík. Er hann nálgast árekstursstaðinn, voru kaflar af brautinni nýmalbikaðir, og var sleipt á þeim köflum vegna bleytu. Á einum slíkum kafla „svansaði“ bíllinn til, og kveðst ákærði við lögreglurannsóknina hafa misst bílinn yfir á hægri kant vegarins. Fyrir dómi hefur hann hins vegar sagt, að það væri of mikið sagt, að hann hefði misst bifreiðina yfir á „hægri vegarjaðar“, eins og bókað er eftir honum í skýrslu lögreglunnar. Hins vegar hafi bifreið hans „svansað“ til og inn á götuna með þeim afleiðingum, að áreksturinn varð.

Ákærði kveðst hafa misst meðvitundina augnablik við höggið og hlotið tugaáfall og því verið allur í uppnámi og hafi hann ekki verið búinn að jafna sig fyrr en mörgum dögum seinna.

Ákærði kveðst um kl. 19.00 kvöldið fyrir, ca 5 klukkustundum áður en hann hóf akstur, hafa neytt eins sopa af whiskyblöndu og hafi hann alls ekki fundið til neinna áfengisáhrifa við aksturinn.

Við lögreglurannsóknina upplýsti ákærði, að hann hefði sofið ca 2 klukkustundir nóttina áður en áreksturinn varð og ekkert sofið daginn áður.

Höskuldur Jóhannesson bifreiðarstjóri, ökumaður bifreiðarinnar R 7064, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki geta sagt til um hraða R 4380, en segir að sér hafi fundizt „bílnum ekið hratt“. Hann segir, að sér hafi fundizt akstur bifreiðarinnar „undarlegur“ og „eitthvert öryggisleysi“ við hann. Hafi bifreiðinni verið ekið til og frá á veginum, en er bifreiðarnar voru í þann veginn að mætast, hafi henni snögglega verið sveigt yfir á hægri vegarhelming, og lennti hún á hægri framaurhlíf bifreiðar vitnisins. Mikið tjón varð á bifreið vitnisins, en það hefur vitnið fengið bætt. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis, en hann hafi verið „allur í uppnámi“.

Lögreglumennirnir Greipur Kristjánsson og Eypór Magnússon, sem komu á árekstursstaðinn, hafa borið vitni í málinu. Vitnið Greipur kveðst hafa fundið lítilsháttar vínlykt af ákærða, en kveðst þó ekki geta fullyrt um það, hvort hann var með áfengisáhrifum. Ákærði hafi verið eitthvað miður sín, velktur og sjúkaður á að sjá. Vitnið Eypór kveðst ekki geta borið um það, hvort

ákærði hafi verið með áfengisáhrifum eða ekki, enda kveðst vitnið hafa séð hann ógreinilega á staðnum.

Pálmi Jónsson lögregluvarðstjóri hefur og borið vitni í málinu. Vitnið yfirheyrði ákærða á lögreglustöðinni í Reykjavík strax sömu nóttina og áreksturinn varð. Vitnið gat ekki merkt áfengisáhrif á ákærða, en segir að „lítilsháttar áfengisþefur“ hafi verið af andardrætti hans. Í skýrslu þeirri, sem vitnið tók af ákærða um nóttina og vitnið staðfesti í einu og öllu fyrir dómi, segir, að ákærði hafi einvörðungu sofið ca 2 klst. næstu nótt áður en slysið varð og ekkert daginn á milli.

Vitnið Ásbjörn Skarphéðinsson hefur borið, að ákærði hafi drukkið hjá sér 1 „sjúss“ af whisky um kvöldmatarleytið kvöldið áður en ökuóhappið varð. Ekki virtist vitninu ákærði vera undir áhrifum víns áður.

Í ákæruskjali er ákærða ekki gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni með áfengisáhrifum, og kemur það því eigi til álita.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið um málavexti, og því hversu drykkju ákærða hefur verið háttað, eftir því sem upplýst er, verður eigi unnt að telja sannað, að um slíka „undanfarandi neyzlu áfengis“ hafi verið að ræða, að ákærði þess vegna hafi eigi „getað stjórnað bifreiðinni á tryggilegan hátt“, þannig að brjóti í bága við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Hins vegar er það upplýst, að ákærði hefur einungis sofið ca. 2 klukkustundir næsta sólarhring á undan því að slysið varð. Þegar þetta er virt og hitt haft í huga, að ákærði neytti áfengis, þó lítið væri og alllöngu áður en hann hóf akstur, svo og að vitni hefur borið, að því hafi fundizt „eitthvert öryggisleysi“ í akstri ákærða, þá þykir mega telja sannað, að vegna svefnleysis hafi hæfni ákærða til aksturs verið skert það, að varði við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Þá þykir og mega telja það sannað með eigin játningu ákærða, sem staðfest er af framburði þess eina vitnis, sem um hraðann hefur borið, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið of hratt miðað við, að búast mátti við mikilli umferð svo og ástand vegarins, en ákærði kveðst hafa orðið þess var, að hált var á blettum vegarins, sem nýmalbikaðir voru. Þykir ákærði með þessu hafa brotið gegn 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga svo og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykir refsing ákærða samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaga, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 1200.00

króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Hins vegar verður ekki unnt að telja sannað, að ákærði hafi orðið sekur um svo „mjög vítaverðan akstur“ eða eðli brotsins sé slíkt eða framferði ákærða sem bifreiðastjóra, sbr. sakavottorð hans, að það sé „varhugavert vegna öryggis umferðarinnar“ að hann hafi ökuleyfi, og ber því að sýkna hann af kröfu ákærvaldsins um sviptingu ökuleyfis samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifbifreiðalaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hannes Þór Ólafsson bifreiðarstjóri, Suðurgötu 39, Keflavík, greiði kr. 1200.00 í sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 14. marz 1958.

Nr. 70/1957. **Ólafur E. Einarsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)

gegn

H/f Eimskipafélagi Íslands

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fébótaábyrgð farmflytjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1957. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 11.050.57 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. september 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en